

Nd.

**360. Frumvarp til laga**

[49. mál]

um opinberar fjarsafnanir.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. mars.)

Samhljóða þskj. 50 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að fjársöfnun lýkur, skal reikningsyfirlit hennar birt a. m. k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Sé söfnunarfé undir þeirri upphæð, sem ákveðin er í reglugerð, nægir þó að tilkynna opinberlega, að reikningsyfirlit fjársöfnunarinnar sé til sýnis í a. m. k. 14 daga á nánar tilteknum stað.

Nú stendur söfnun yfir um lengri tíma en eitt ár, og skal þá með sama hætti birta opinberlega ársreikning innan 6 mánaða frá lokum hvers almanaksárs. Heimilt er lögreglustjóra að framlengja fresti þessa. Yfirlýsingu samkvæmt 2. másl. 6. gr. skal og birta með sama hætti.

Viðkomandi lögreglustjóra skal og sent reikningsyfirlit söfnunarinnar ásamt tilkynningu um, hvar og hvenær birting skuli fara fram.

Nú liggja ekki fyrir gögn um notkun söfnunarfjár, þegar reikningi er lokað, og skal þá endurskoðandi síðar gefa skýrslu þar um.